



Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélag bandalagsins eru 43 talsins. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Öflun og miðlun þekkingar er mikilvægur þáttur í starfsemiinni. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi. Nánari upplýsingar er að finna á **obi.is**.



Aðgengisátak ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir tveimur starfsmönnum í tímabundin hlutastörf við átaksverkefni á sviði aðgengismála á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Samanlagt er gert ráð fyrir 100% starfshlutfalli sem skiptist á milli starfsmanna eftir samkomulagi. Átaksverkefnið mun standa yfir í sex mánuði.

Aðgengi um almennarými og byggingar hefur batnað til muna undanfarin ár. Þó þarf að gera miklu betur. ÖBÍ hyggst taka út aðgengi víða í samfélaginu og leggja til úrbætur þar sem við á. Markmiðið er að vekja athygli stjórnvalda, stjórnsýslu og almennings á málaflokknum um mikilvægi aðgengis fyrir alla.

Úttektir verða gerðar á völdum byggingum ætluðum almenningi. Unnið er eftir hugmyndafræði algildrar hönnunar með notkun gátlista. Starfsmenn fá fræðslu og þjálfun áður en úttektir hefjast. Unnið er í nánú samstarfi við skrifstofu ÖBÍ, málefnaþóp ÖBÍ um aðgengismál og starfsmann hans. Gert er ráð fyrir að annar starfsmaðurinn haldi utan um verkefnið, skrifi skýrslur og sjái um skjalavörslu en þeir fari saman í úttektir, miðla upplýsingum o.fl. Önnur verkefni taka mið af menntun, reynslu og áhuga.

Verkefni

- Undirbúningur, skipulagning og utanumhald
- Úttektir á aðgengi
- Skráning á niðurstöðum
- Skýrslugerð
- Miðlun niðurstaðna og eftirfylgni
- Ljósmyndun, upptökur og miðlun efnis

Hæfniskröfur

- Framhaldsskólamenntun æskileg og/eða menntun á háskólastigi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Tölvukunnátta og þekking á samfélagsmiðlum æskileg
- Reynsla af aðgengishindrunum
- Góð samskipti og samstarfshæfileikar



Nánari upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Fatlað fólk/fólk með skerðingar er sérstaklega hvatt til að sækja um.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

